

Sp.

19. Tillaga til þingsályktunar

[19. mál]

um varnarsamninginn milli Íslands og Bandaríkjanna.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Gylfi Þ. Gíslason, Guðmundur Í. Guðmundsson, Hannibal Valdimarsson, Kristinn Gunnarsson.

Með hliðsjón af breyttum aðstæðum síðan varnarsamningurinn milli Íslands og Bandaríkjanna var gerður í maí 1951 ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni, í samráði við utanríkismálanefnd, að hefja nú þegar undirbúning að breytingum á þeirri skipan, sem þá var tekin upp, í því skyni, að hægt verði með stuttum fyrirvara að láta varnarlið það, sem nú dvelst í landinu samkvæmt samningnum, hverfa héðan. Með tilvísun til 7. gr. varnarsamningsins skal ríkisstjórnin, að undanfarinni tilkynningu til Bandaríkjastjórnar, fara þess á leit við ráð Norður-Atlantshafsbandalagsins, að það endurskoði, hvort lengur þurfi á að halda aðstöðu þeirri, sem Bandaríkjunum er veitt á Íslandi með samningi þessum. Skal ríkisstjórnin í því sambandi leggja áherzlu á eftirfarandi atriði:

1) Íslenzkir aðilar annist allar framkvæmdir, sem ákveðnar voru á grundvelli varnarsamningsins frá 1951 og enn er ólokið. Ekki skulu leyfðar nýjar varnarframkvæmdir.

2) Sá hluti Keflavíkurflugvallar, sem eingöngu eða fyrst og fremst þarf að nota í hernaðarþágu, skal þegar í stað girtur og öll almenn umferð um hann bönnuð. Hið sama á við um þau varnarsvæði önnur, sem þegar hafa verið látin í té.

3) Ríkisstjórnin skal þegar hefja undirbúning þess, að Íslendingar taki í sínar hendur rekstur, viðhald og gæzlu allra þeirra mannvirkja, sem byggð hafa verið eða óbyggð eru á grundvelli varnarsamningsins frá 1951, en leita skal samninga við stjórn Bandaríkjanna eða Norður-Atlantshafsbandalagsins um greiðslu kostnaðar, sem af því hlýzt, og enn fremur um það, að Íslendingum verði látin í té nauðsynleg aðstoð til þess, að þeir læri sem fyrst þau störf, sem hér er um að ræða. Ekki skal þó þjálfar Íslendinga til neinna hernaðarstarfa.

4) Þegar Íslendingar hafa sérmenntað starfsmenn til þess að taka að sér þau störf, sem um ræðir í 3. lið, eða ráðið erlenda sérfræðinga til að annast þau, getur Alþingi ákveðið með 3 mánaða fyrirvara, að herlið Bandaríkjanna skuli hverfa að fullu frá Íslandi. Meðan varnarliðsmenn eru enn í landinu, skulu þeir eingöngu dveljast á þeim stöðum, sem varnarliðið hefur þegar fengið til umráða.

Fáist ekki fullnægjandi samkomulag um þessi atriði innan þess tíma, sem í 2. másl. 7. gr. varnarsamningsins greinir, skal ríkisstjórnin fylgja málinu eftir með því að segja samningnum upp samkv. 7. gr. hans.

Enn fremur ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að hefjast þegar handa um ráðstafanir í því skyni að tryggja atvinnuskilyrði þeirra manna, sem nú vinna að framkvæmdum samkvæmt varnarsamningnum, þegar þeim lýkur.

Greinargerð.

Á tveim undanförunum þingum hafa af hálfu Alþýðuflokksins verið fluttar till. til þál. um varnarsamninginn milli Íslands og Bandaríkjanna. Í tillögum þessum var lagt til:

1) Að íslenskir aðilar skyldu annast allar framkvæmdir á grundvelli varnarsamningsins.

2) Að sá hluti Keflavíkurflugvallar, sem notaður er í hernaðarþágu, skyldi girtur og öll umferð um hann bönnuð.

3) Að þegar skyldi hafinn undirbúningur þess, að Íslendingar tækju í sínar hendur rekstur, viðhald og gæzlu þeirra mannvirkja, sem byggð hefðu verið eða óbyggð væru á grundvelli varnarsamningsins, án þess þó að Íslendingar væru þjálfaðir til neinna hernaðarstarfa.

4) Að Alþingi gæti kveðið á um brottflutning herliðsins með 3 mánaða fyrirvara, þegar Íslendingar væru reiðubúnir til þess að taka fyrrgreind störf í eigin hendur.

5) Að meðan varnarliðsmenn væru enn í landinu, skyldu þeir eingöngu dveljast á þeim stöðum, sem varnarliðið hefði þegar fengið til umráða.

Ef samningar tækjust ekki um þessar breytingar innan þess tíma, sem 7. gr. samningsins gerir ráð fyrir, þ. e. 6 mánaða, var lagt fyrir ríkisstjórnina að fylgja kröfum þessum eftir með því að segja samningnum upp, þannig að hann félli úr gildi 12 mánuðum síðar.

Samningaviðræður þær, sem fram fóru snemma á síðasta ári milli stjórna Íslands og Bandaríkjanna, leiddu ekki til viðunandi breytinga á skipan þessara mála. Þar eð horfur í alþjóðamálum virðast nú friðvænlegri en um langt skeið og aðstæður breyttar, síðan varnarsamningurinn var gerður í maí 1951, telur Alþýðuflokkurinn rétt, að þegar í stað sé hafinn undirbúningur að breytingum á þeirri skipan, sem þá var tekin upp, í því skyni, að hægt verði með stuttum fyrirvara að láta varnarlið það, sem nú dvelst í landinu, hverfa héðan. Í tillögu þessari ítrekar Alþýðuflokkurinn, hvaða sjónarmið hann telur eiga að ríkja við endurskoðun gildandi samninga. Er enn fremur tekið fram, að ekki skuli leyfa nýjar varnarframkvæmdir. Náist ekki samkomulag, er grundvallist á þeim sjónarmiðum, teiur hann, að fylgja eigi kröfum þessum eftir með því að segja samningnum upp, þannig að hann falli úr gildi að 18 mánuðum liðnum.

Í tillögunni er ríkisstjórninni enn fremur gert skylt að hefjast þegar handa um ráðstafanir í því skyni að tryggja atvinnuskilyrði þeirra manna, sem nú vinna að varnarframkvæmdum, þegar þeim lýkur.